


# AFSTÖÐUMYND, MKV. 1:500

**ÍÞRÓTTAHÚS**
**STRANDGATA 53 - HAFNARFIRÐI**
**MHL 01 OG 02**
**Landnr. 122424**
**Staðgr. 84000530**

## BYGGINGALÝSING:

**Útveggir:**
Útveggir eru staðsteyptir upp á hefðbundinn hátt og einangraðir og múrhúðaðir að innanverðu.
Að utanverðu eru veggir steindir með skeljasandsáferð.
**Þak:**
Þak er með steinsteypubitum, þakásum úr timbri, borðaklætt og með þakpappa og bárujárni.
**Gluggar:**
Gluggar eru úr timbri með tvöföldu einangrunargleri.
U-gildi samkvæmt byggingareglugerð þess tíma.

Upprunalegur höfundur: Gísli Halldórsson
Byggingarár 1960

## Brunavarnir:

### Brunasamstæður - brunahólfun
Byggingin er ein brunasamstæða, u.þ.b. 3120 m2 en skiptist í nokkur brunahólf.

### Brunahólfun
**Almennt:**
Stigahús ásamt forsal og salernum er eitt brunahólf.
Hurðir í brunahólfun mega vera á hurðaseglum sem sleppa þeim við boð frá brunaviðvörunarkerfi.
**Kjallari:**
Hiti og geymsla er sér brunahólf.
Loftræsirými er sér brunahólf.
Geymsla er sér brunahólf.
Þreksalur ásamt herbergjum er eitt brunahólf.
Tæknirými rafmagns er sér brunahólf.
**Fyrsta hæð:**
Íþróttasalur og áhaldageymslur eru eitt brunahólf.
Búningsherbergi, starfsmannaherbergi og gangur er eitt brunahólf.
Æfingasalur og herbergi eru eitt brunahólf.
Skrifstofa er eitt brunahólf.
**Önnur hæð:**
Samkomusalur og eldhús ásamt skrifstofu eru eitt brunahólf.

### Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er talin vera a.m.k. R90.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er talin vera a.m.k. R60.
Brunamótstaða burðarvirkis stiga er a.m.k. A-R30.
Hæðaskil eru talin vera a.m.k. REI60.

### Klæðningar
Innanhúsklæðningar verða almennt í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Í íþróttasal eru veggklæðningar lakkaðar með eldvarnarlakki þannig að veggir uppfylla flokk 1.
Klæðningar í flokki 2 verða settar í flokk 1 samhliða eðlilegu viðhaldi.
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1.
Þakklæðningar eru a.m.k. í flokki B(roof.). (t2).

### Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 25 m í útgang eða annað brunahólf.
Frá hverju stóru brunahólfi eru almennt a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir.
**Kjallari:**
Frá tæknirýmum eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá geymslu í kjallara eru tvær flóttaleiðir.
Frá þreksal eru tvær flóttaleiðir.
**Fyrsta hæð:**
Frá íþróttasal eru þrjár flóttaleiðir.
Frá gangi við búningsherbergi eru tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá æfingasal er önnur flóttaleiðin um björgunarop (BO).
Frá áhorfendapöllum eru a.m.k. þrjár meginflóttaleiðir.
Hurðir frá íþróttasal skulu búnar neyðaropnunarbúnaði (panik).
Hurðir frá öðrum sölum skulu búnar neyðarhúnum eða "push pad".
**Önnur hæð:**
Flóttaleiðir frá samkomusal á annarri hæð er um forsal og þaðan út en einnig um svalir og niður neyðarstiga á suðurgafli hússins.

### Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt rásatengt brunaviðvörunarkerfi er í öllu húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar. Kerfið er tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd er í anddyri hússins.

### Loftræsikerfi
Við brunaboð frá brunaviðvörunarkerfi hússins skulu blásarar stoppa.
Ekki er talin þörf fyrir brunalokur í loftræstikerfinu á milli íþróttasalar og búningsaðstöðu þar sem stokkar eru aðgreindir.

### Reyklosun
Reyklosun frá íþróttasal verður um glugga og hurðir.
Sama á við um önnur rými.

### Slöngukefli og slökkvitæki
Slöngukefli hafa verið sett upp í íþróttasal og stigahús (báðar hæðir) þannig að brunaslöngur nái út í öll horn.
Slökkvitæki skulu m.a. staðsett við brunaslöngur en auk þess vera á búningsherbergjagangi, eldhúsi, áhaldarýmum, sölum og tæknirýmum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m.
Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.

### Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux í stærri rýmum (>60 m2) svo sem í íþróttasal og sölum.
Neyðarlýsing verður í tæknirýmum.
Neyðarlýsing þarf að vera utanhúss á svölum og við neyðarstiga.

### Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur er um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvörunarkerfi, , handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu).
Gerðar hafa verið reglur um brunavarnir vegna tækiræsiskemmtana.

Sjá nánar um brunavarnir í skýrslu VSI nr. 00-137-bh03.

Samþykkt þann
20 JAN 2010
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Sigurður Steinar Jónsson

UPPRUNALEGUR HÖNNUÐUR:
Gísli Halldórsson

BREYTINGAR.

VERKHEITI
STRANDGATA 53
HAFNARFIRÐI
ÍÞRÓTTAHÚS

VERK
AFSTÖÐUMYND

| | |
|---|---|
| MÁL<br>1:500 | DAGS.<br>16.12.2009 |
| HANNAÐ<br>bj.snæ. | TEIKNAÐ<br>bj.snæ. |
| YFIRFARIÐ: | |
| VERKNÚMER<br>0919 | TEIKNINGANÚMER<br>1.01 |

Yfirfarið af brunahönnuði
VSI
18.12.2009

22.12.2009

bj.snæ.
ARKITEKT
FAGRABERGI 14
221 HAFNARFIRÐI - ÍSLAND
SÍMI: 5553266 - GSM: 8961436
bjarnisn@simnet.is

BJARNI SNÆBJÖRNSSON FAÍ 020753 4989
SAMÞ.

Öll afnot og afrit teikninga, að hluta eða heild, er háð samþykki höfunda, skv. ákvæðum höfundalaga.